

Viðbragðsáætlun við grun um einelti í barnahópnum

Réttindi barna

Öll höfum við þörf fyrir að tilheyra hópnum. Það er öllum nauðsynlegt að eiga einhvern að sem heilsar, sest niður og spjallar, einhvern sem sér hvernig þér líður, huggar, kann vel við þig og sættir sig við þig eins og þú ert.

Lögum samkvæmt eiga starfshættir leikskóla að mótast af umburðarlyndi og kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi og virðingu fyrir manngildi.

Í aðalnámskrá leikskóla segir að áhersla skuli lögð á styrkleika barna og hæfni, á forvarnarstarf og góðan skólabrag, samvinnu og samstarf milli allra aðila sem og virðingu fyrir margbreytileikanum.

Í handbók um öryggi og velferð barna í leikskólum segir: “ofbeldi, einelti og annað andfélagslegt atferli skal aldrei liðið. Skólinn skal grípa til viðeigandi ráðstafana til að uppræta slíkt atferli og koma í veg fyrir að það þróist, til að bæta umhverfi nemenda”.

Með því að vinna með Vináttu- verkefnið er leikskólinn Hulduheimar að uppfylla ákvæði laga, Aðalnámskrár og öryggishandbókar leikskóla. Þessa vinnu ber því að taka alvarlega og föstum tókum og láta hana lita allt daglegt leikskólustarf og vera ávallt leiðarljós okkar í leikskólanum í einu og öllu.

Einelti

Rannsóknir sýna að einelti á sér stað í leikskólum. Fræðimenn líta svo á að það sé félagslegt, menningarlegt og samskiptalegt mein. Einelti snýst um samskipti, samskiptamynstur og menningu. Þess vegna verður að beina sjónum að öllum þeim sem að málinu koma og þeim sérstöku mynstrum og hefðum sem samskipti fólks byggjast á. Með Vináttu- verkefni Barnaheilla er sjónum markvisst beint að barnasamfélaginu í heild sinni og kosið að líta á hópinn sem heild, menningu og samskipti innan hópsins og gildi hans.

Verkefnið byggist á því að einelti megi rekja til lítils umburðarlyndis í hópnum og þar með til ósveigjanlegra viðmiða um það hvað sé “rétt” og “rangt”. Það sem einkennir barnahópa þar sem einelti nær ekki að þrífast er mikið umburðarlyndi. Börnum er vel tekið, þau njóta virðingar og finna sér eðlilegan sess í hópnum, burt séð frá því hver þau eru, hvernig þau líta út, hvaða hlutverki þau gegna og hvers þau eru megn. Þess vegna skiptir máli að gildi margbreytileikans séu virt í barnahópnum og að umburðarlyndi sé fyrir því að hópurinn samanstendur af mismunandi einstaklingum. Jafnframt er lögð mikil áhersla á samvinnu starfsmannahópsins og markvisst samstarf við foreldra.

Ef samskipti barnahópsins eru jákvæð og góður andi er í hópnum er ólíklegt að barn sé lagt í einelti, jafnvel þó það virðist eiga undir högg að sækja. Sé samskiptamenningin hins vegar neikvæð, veikir óttinn og hræðslan við útilokun samhygðina hjá þeim sem verða áhorfendur að einelti.

Þegar litið er á einelti sem félagslegt fyrirbæri er ekki hægt að kenna neinu einu barni um það, þess í stað þarf að skoða félagsleg samskipti og skólabrag leikskólans í heild sinni.

- Einelti er hópforbæri
- Einelti er oftast kerfisbundið og markvisst
- Einelti getur verið beint eða óbeint í formi útilokunar
- Einelti á sér stað í félagslegu umhverfi sem barnið hefur ekkert val um að vera í

Verkefni hinna fullorðnu er að tryggja að í hverjum barnahópi sé til staðar góður félagsandi, samhyggð og samkennd og að börnin eigi eitthvað sameiginlegt. Þannig er meðal annars komið í veg fyrir einelti. Það þýðir ekki að öll börn skuli neydd inn í vinasamband en hins vegar að hver og einn geti alltaf reynst góður félagi.

Það virðist vera meðfætt hjá okkur öllum að vilja vera hluti af hóp, að samsama okkur með öðrum og vilja finna til öryggis. Fórnarlömb eineltis þróa að vera hluti af hópnum, jafnvel þó hann sé þeim andsnúinn. Þeir fullorðnu verða að hafa gætur á því að leikir barnanna snúist ekki um það hver stjórnar heldur hvernig er stjórnað. Við eigum að kenna börnunum jákvæða stjórnun þar sem rými er fyrir alla.

Stríðni og grín

Þegar um stríðni er að ræða er sá sem stríðir með ásetning um að niðurlægja eða gera lítið úr þeim sem strítt er og þeim sem strítt er líður illa. Þegar um grín er að ræða, skemmta báðir aðilar sér og þeim líður vel. Hin raunverulega ábyrgð á einelti liggur alltaf hjá þeim fullorðnu, jafnt starfsfólki sem foreldrum!

Vináttu- verkefnið gerir ráð fyrir því að unnið sé að forvörnum gegn einelti með því að beina sjónum að jákvæðum samskiptum og gildunum fjórum; umburðarlyndi, virðingu, umhyggju og hugrekki.

Mörg hlutverk

- Þolendur - börn sem lögð eru í einelti
- Gerendur- börn sem eiga frumkvæði að einelti og leggja ákveðin börn í einelti
- Gerandi og þolandi- börn sem lögð eru í einelti en leggja líka önnur börn í einelti
- Fylgismenn- börn sem fylgja gerandanum eftir og aðstoða hann á ýmsa vegu, t.d. með því að hlægja með eða klappa gerandanum á öxlina
- Óvirkir áhorfendur- börn sem verða vitni að eineltinu en gera ekkert í málinu
- Verjendur- börn sem hafa hugrekki til að takast á við óttann og skipta sér af eineltinu til þess að stöðva það

Greint er á milli þessara hlutverka í eineltisaðstæðum og börn geta gegnt mismunandi hlutverkum hverju sinni, allt eftir aðstæðum og því hverjir eru viðriðnir málið. Flest barnanna eru óvirkir áhorfendur og afskiptaleysi umhverfisins verður eins konar viðurkenning og löggilding eineltisins. Áhorfendur gera gerandanum kleift að leggja í einelti. Hjálparhönd frá félaga er sá besti stuðningur sem barn sem lagt er í einelti getur fengið.

Virkjum áhorfendurna

Í Vináttu- verkefninu er lögð áhersla á að virkja áhorfendur.

Börn og starfsfólk verða að ræða um muninn á því að kjafta frá og að vera virkur þátttakandi sem hjálpar barninu sem lagt er í einelti. Börnin verða að geta treyst á aðstoð þeirra fullorðnu eigi þau að stiga fram og biðja um hjálp. Það kallar á það að starfsfólk bregðist við um leið og barn segir frá því sem er að.

Heimildir: Vinátta; Fróðleikur og leiðbeiningar um notkun fyrir starfsfólk leikskóla; 2. kafli.

Viðbragðsáætlun:

Leikskólinn Hulduheimar

Þegar upp kemur grunur um einelti í barnahópnum þá fer ákveðið ferli í gang:

- Í lausnaleyti þar sem sitja; aðstoðarleikskólustjóri, sérkennslustjóri og deildarstjórar, ber deildarstjóri barnahópsins málið upp og ráðfærir sig við hina aðilana. Í framhaldi af þeim fundi er rætt við allt starfsfólk á deildinni. Einnig er málið tekið fyrir á deildarstjórafundum og aðrir deildarstjórar koma málinu til sinna starfsmanna til að hindra að eineltið eigi sér stað í leikskólaumhverfinu.
- Fylgst er með bæði gerenda og þolanda og AHA skráning notuð, einnig er rætt við báða aðila í samræmi við aldur þeirra og þroska.
- Foreldrar barnanna sem um ræðir eru látnir vita að verið sér að skoða samskipti þeirra, leitað er eftir stuðningi foreldranna til að fá fram breytingar á samskiptunum og framkomu barnanna. Einnig þarf að láta þá vita hvernig sé unnið að lausn og forvörnum í leikskólanum. Gott er að aðrir foreldrar barna á deildinni fái að vita að verið sér að vinna með samskipti í barnahópnum. Allir þurfa að leggja mikla áherslu á það að vinna að því að auka umburðarlyndi í barnahópnum og hjá sínu barni. Einnig er mikilvægt að virkja áhorfendur til að meiri líkur séu á því að barnahópurinn standi saman og óæskilega hegðunin hætti.
- Upplýsa þarf samstarfsfólk og stjórnendur eftir því sem við á.
- Málið er tekið upp til endurskoðunar á næsta lausnaleytafundum og metið hvort grípa þurfi til frekari aðgerða t.d. með því að kalla til sérfræðinga.